



Reykjavík, 14. ágúst 2020

Athuganir tengdar frystingu fjármuna í eigu aðila á þvingunarlistum

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í ágúst 2019 athuganir á fylgni tilkynningarskyldra aðila við ákvæði laga nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir og útbreiðslu gereyðingavopna. Athuganirnar náðu til 41 aðila, en niðurstöður þeirra benda til að ekki hafi komið upp tilvik þar sem viðskiptamaður hefur verið skráður á þvingunarlista.

Lög nr. 64/2019

Hinn 3. júlí 2019 tóku gildi ný lög nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir og útbreiðslu gereyðingavopna. Markmið laganna er að hindra fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu og fjármögnun gereyðingavopna.

Í þeim tilgangi er í lögnum mælt fyrir um skyldu aðila á fjármálamarkaði til að frysta fjármuni eða efnahagslegan auð viðskiptamanns ef upp kemur tilvik þar sem viðskiptamaður er skráður á lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnana og ríkjahópa. Umræddir listar eru innleiddir með reglugerð utanríkisráðherra.

Frysting í framangreindum skilningi er m.a. ætlað að koma í veg fyrir hvers kyns nýtingu eða flutning fjárhagslegra eigna sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila sem skráður er á alþjóðlega þvingunarlista. Með fjármunum eða efnahagslegum auð er átt við hvers kyns fjárhagslegar eignir viðkomandi aðila.

Auk þess að frysta fjárhagslegar eignir er tilkynningarskyldum aðilum gert skylt að tilkynna lögbærum stjórnvöldum um slík tilvik.

Athuganir Fjármálaeftirlitsins

Í ágúst 2019 hóf Fjármálaeftirlitið athuganir á fylgni tilkynningarskyldra aðila við ákvæði umræddra laga. Tilgangur athugananna var m.a. að ganga úr skugga um að aðilar hefðu gert gert fullnægjandi ráðstafanir til að meta hvort viðskiptamenn þeirra væru á þvingunarlistum skv. 7. gr. laganna. Þá var athugunum ætlað að kanna til hvaða aðgerða yrði gripið við þær aðstæður, m.a. í því skyni að tryggja að frysting fjármuna næði til allra fjárhagslegra eigna aðilans skv. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Tilgangur athugananna var jafnframt að veita aðilum leiðbeiningar um fullnægjandi ráðstafanir, þ.m.t. varðandi viðeigandi eftirlitskerfi, verkferla og fræðslu starfsmanna. Samhliða athugunum var sent út dreifibréf þar sem vakin var athygli á ítarlegri leiðbeiningum um þær kröfur sem gerðar eru til eftirlits tilkynningarskyldra aðila með viðskiptamönnum á listum yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og frystingu fjármuna. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Seðlabankans:

<https://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Eftirlit-med-viskipatamonnum-a-listum-yfir.pdf>

Fjármálaeftirlitið skoðaði viðbrögð og ráðstafanir hjá 41 tilkynningarskyldum aðila. Þar af voru viðbrögð og ráðstafanir þriggja aðila skoðaðar sem hluti af umfangsmeiri vettvangsathugunum.

Stuðst var við áhættumiðaða nálgun við afmörkun á því hvaða aðilar voru teknir til skoðunar. Samkvæmt áhættumati Fjármálaeftirlitsins eru tilkynningarskyldir aðilar flokkaðir í fjóra mismunandi



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

áhættuflokka eftir almennum og tilviksbundnum þáttum. Athuganir voru framkvæmdar hjá öllum tilkynningarskyldum aðilum sem höfðu verið skilgreindir í háum eða meðal háum áhættuhópi. Þá voru framkvæmdar athuganir hjá 51% allra tilkynningarskyldra aðila sem skilgreindir höfðu verið í meðal lágum eða lágum áhættuhópi. Alls voru ráðstafanir og viðbrögð könnuð hjá 57% allra tilkynningarskyldra aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Niðurstöður athugananna benda til þess að ekki hafi komið upp tilvik hjá tilkynningarskyldum aðilum undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins þar sem viðskiptamaður hefur verið skráður á þvingunarlista og hefur því ekki reynt á skyldu aðila til að frysta fjármuni.

Af framangreindum athugunum hefur Fjármálaeftirlitið lokið 39 þeirra án athugasemda en tvö mál eru enn til meðferðar.